

Gegnir - Árslokatölfræði fyrir árið 2020

Í árslokatölfræðinni eru settar fram mælanlegar stærðir í Gegni svo sem fjöldi útlána, lánþega, eintaka og titla á ársgrundvelli.

Allar skýrslur eru á safnagrunni en þær voru áður bundnar við kerfislega flokkun safnanna í hópa. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef Landskerfis bókasafna fyrir innskráða notendur.

Grunnurinn að árslokatölfræðinni, topplistum útlána og ýmiss konar annarri gagnavinnslu byggir á sérstöku gagnamódeli sem þróað hefur verið hjá Landskerfi bókasafna undanfarin ár. Gagnamódelið eykur mjög möguleika á vinnslu og framsetningu tölfræðinnar. Þessi samantekt byggir á upplýsingum úr gagnamódelinu sem flestar en þó ekki allar eru aðgengilegar undir „Tölur úr Gegni“ á vef Landskerfi bókasafna.

Hér að neðan má sjá heildartölur árána 2006 – 2020 fyrir útlán, eintök og titla ásamt breytingum í prósentum á milli ára. Sjá þróunina í myndinni *Gegnir: 2006 – 2020, Fjöldi titla, eintaka og útlána*.

Gegnir: 2006 – 2020, fjöldi titla, eintaka og útlána

Ár	Útlán	Breyting milli ára	Eintök	Breyting milli ára	Titlar	Breyting milli ára
2006	2.803.687		3.969.925		827.034	
2007	3.004.612	7,2%	4.082.247	2,8%	866.896	4,8%
2008	3.367.516	12,1%	4.376.850	7,2%	910.886	5,1%
2009	3.720.883	10,5%	4.646.587	6,2%	947.823	4,1%
2010	3.754.263	0,9%	4.881.988	5,1%	980.404	3,4%
2011	3.720.542	-0,9%	5.115.617	4,8%	1.012.821	3,3%
2012	3.562.402	-4,3%	5.376.688	5,1%	1.050.974	3,8%
2013	3.394.023	-4,7%	5.534.567	2,9%	1.102.527	4,9%
2014	3.266.704	-3,8%	5.713.791	3,2%	1.141.645	3,5%
2015	3.193.499	-2,2%	5.867.957	2,7%	1.164.188	2,0%
2016	3.067.395	-3,9%	5.914.538	0,8%	1.187.054	2,0%
2017	2.975.230	-3,0%	5.939.806	0,4%	1.217.686	2,6%
2018	3.076.653	3,4%	5.956.964	0,3%	1.255.868	3,1%
2019	3.130.075	1,7%	5.893.002	-1,1%	1.285.496	2,4%
2020	2.423.825	-22,60%	5.893.155	-0,90%	1.268.305	-1,34%


Útlánnum fækkar um tæpan fjórðung (22,6%) og munar þar mestu um lokanir safna vegna Covid-19 í apríl, þegar útlán yfir landið voru innan við tíundi hluti af sama mánuði árið áður ásamt lokunum um haustið þegar útlánnum fækkaði verulega í kjölfar víðtækra lokanna.

Útlán 2019 og 2020 eftir mánuðum

Mánuður	2019	2020	Breyting milli ára
Janúar	322.790	308.406	-4%
Febrúar	277.539	264.314	-5%
Mars	289.629	217.926	-25%
Apríl	247.478	19.088	-92%
Mái	233.442	215.034	-8%
Júní	162.582	165.457	2%
Júlí	190.187	185.543	-2%
Ágúst	273.736	257.441	-6%
September	295.964	298.785	1%
Október	307.398	189.212	-38%
Nóvember	300.736	132.433	-56%
Desember	230.123	170.186	-26%
Samtals	3.131.604	2.423.825	-23%

Erfiðara er að túlka tölur um fjölgun eintaka og titla þar sem þessar tölur hækka alla jafna á milli ára. Í lok árs 2020 voru alls 1.268.305 titlar í Gegni og hafði þeim fækkað um 1,34% ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár.

Hið sama á við fjölda eintaka, í árslok 2020 voru þau alls 5.837.808 sem er fækkun um 55.347 eintök sem gerir tæplega eitt prósent (0,94%) af safnkosti bókasafnanna í Gegni. Skýrist þetta að nokkru af miklum tiltektum sem hluta af undirbúningi fyrir nýtt bókasafnskerfi. Mörg söfnin fóru í átaksverkefni við að hreinsa upp gömul vanskil og grisja út óvirkan safnkost. Önnur skýring á þessari fækkun má rekja til þess að útgáfa á hljóðbókum á diskum hefur nánast lagst af og útgefendur selja nú aðgang að nýjum bókum í streymi á vefnum í stað þess að gefa út diska.



Titlar

Umfangsmiklar vélrænar breytingar voru gerðar á bókfræðigrunni Gegnis 2018 í tengslum við innleiðingu nýrra skráningarreglna, RDA. Öllum færslum í grunninum var breytt til samræmis við þessar nýju reglur. Einn liður í breytingunum var að klóna eða afrita fyrirbyggjandi færslur sem innhéldu bæði rafræna- og hefðbundna útgáfu í sömu færslunni. Samkvæmt nýju reglunum má ekki skrá mismunandi efnisform titils í sömu færsluna eins og áður hafði tíðkast. Rúmlega 21.000 nýjar bókfræðifærslur urðu þannig til, annars vegar hefðbundar prentfærslur klónaðar frá rafrænum færslum og hins vegar færslur fyrir rafrænt efni byggðar á hefðbundnum prentfærslum.

Rafrænt efni hefur aukist jöfnum skrefum undanfarin ár. Vert er að minnast á Rafbókasafnið en öllum titlum sem keyptir eru fyrir það er hlaðið vélvirk í Gegni. Einnig er færslum fyrir rafrænt efni sem keypt er í Landsaðgangi og fyrir einstaka háskóla hlaðið í Gegni. Mjög er misjafnt eftir árum hversu mörgum færslum er hlaðið vélvirk og fer það alfarið eftir umfangi innkaupa hverju sinni.

Lánþegar

Erfitt er að mæla áreiðanlegan fjölda lánþega þar sem reglur um gilda lánþega eru mismunandi eftir söfnum. Gildistími skírteina er mismunandi eftir söfnum þó að meginreglan sé eitt ár. Það fer eftir verkferlum í hverju safni hversu langur gildistíminn er. Almenningsbókasöfn virkja skírteini að jafnaði eitt ár fram í tímann en önnur söfn nota önnur viðmið sem henta best í þeirra umhverfi. Hver einstaklingur hefur réttindi til að fá lánað í einu eða fleiri bókasöfnum. Fjöldi lánþega í Gegni er samanlagður fjöldi gildra lánþega á hverju aðildarsafni Gegnis.

Í kjölfar samkomubanns vegna Covid-19 létu mörg söfn framlengja vélrænt gildistíma skírteina þannig að við bættust jafn margir dagar og lokunin varði. Það voru því færri skírteini sem féllu úr gildi árið 2020 en venjulega.

Það ber einnig að nefna að nemendalistum skólasafna er hlaðið vélrænt inn í kerfið sem veldur því að hluti lánþega telst gildur óháð því hvort þeir hafi nýtt sér þjónustu bókasafnsins eða ekki. Á milli áranna 2014 og 2015 fækkaði lánþegum um 10,7%. Ástæða þessa er m.a. að Landskerfi bókasafna fór í kerfislegar aðgerðir til þess að samræma raunverulegan fjölda gildra lánþega á milli safna. Reglum um sjálfgildi lánþegaskírteina var breytt og núna fá flestir lánþegar endurnýjaða heimild eitt ár fram í tímann. Einnig var lánþegum úr hópi nemenda grunnskólasafna sem voru 17 ára eða eldri eytt úr viðkomandi safni.

Lánþegar með gild skírteini í lok árs 2020 voru 161.194 talsins og fjölgar um eitt prósent frá fyrra ári. Árið 2019 varð mikill samdráttur í fjölda lánþega eða um 15.247 og má rekja þann samdrátt til mikillar tiltektar í lánþegum í tengslum við flutning í nýtt bókasafnskerfi. Í ljós kom að fjölmargir lánþegar voru með afar langan gildistíma, jafnvel áratugi fram í tímann. Þetta var arfleifð frá upphafsdögum Gegnis þegar það verklag var víða viðhaft að stilla gildistíma starfsmanna skóla og stofnana handvirkt langt fram í tímann. Í þessum hópi voru m.a. fjölmargir kennarar og starfsmenn sem voru löngu hættir störfum við viðkomandi stofnun. Gerð var gangskör í því að stytta gildistíma hjá öllum lánþegum sem voru með gildistíma lengur en eitt almanaksár eða skólaár, eftir eðli stofnunar. Nýr gildistími hjá þessum lánþegum í grunnskólum rann út í nóvember 2019 og skýrir það hina miklu fækkun lánþega á milli áranna 2018 og 2019. Gildistími hjá öðrum lánþegum var færður niður í 6. janúar 2021, sem þýðir að þeir teljast enn með í árslokatölfræði 2020.

Ár	Gildir lánþegar við árslok	Breyting milli ára
2011	196.500	1,2%
2012	193.575	-1,5%
2013	194.619	0,5%
2014	196.943	1,2%
2015	175.817	-10,7%
2016	175.242	-0,3%
2017	174.532	-0,4%
2018	174.850	0,2%
2019	159.603	-8,7%
2020	161.194	1,0%

Árið 2011 var byrjað að kyngreina lánþegaupplýsingar í Gegni. Upplýsingum um kyn er hlaðið vélrænt inn í lánþegafærslurnar með uppfærslu þjóðskrár. Frá byrjun ársins 2015 eru allar lánþegaskýrslur kyngreindar. Skýrslurnar renna stoðum undir þá almennu skoðun að munur sé á lestri og lestraráhuga milli kynja. Í almenningsbókasöfnum er algengt að konur séu tvisvar sinnum fleiri en karlar. Sem dæmi eru gildir lánþegar 2020 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar 578 og þar af 192 karlar og 379 konur og í Bókasafni

Reykjanesbæjar er 565 karlar og 1.461 kona. Munurinn er ekki eins mikill í skólabókasöfnum, t.d. í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit eru 49 karlar og 69 konur. Þarna liggur munurinn í kennararliði skólans þar sem konur eru í meirihluta starfsfólks en kynjaskipting nemendanna er jöfn, 44 karlar og 43 konur. Í bókasöfnum háskóla landsins liggur kynjamunur lánþega fyrst og fremst í námsframboði og námsvali nemenda. Í bókasafni Háskólans á Akureyri eru 665 karlar og 2.061 kona, hins vegar er þessu ólíkt hagað í bókasafni Háskólans í Reykjavík en þar hafa karlarnir vinninginn eða 2.347 karlar á móti 1.759 konum.

Útlán


Eins og við vitum var árið 2020 fordæmalaust vegna mikilla Covid19 samkomutakmarkanna. Á tímabilum voru söfnin lokað eða gátu veitt mjög takmarkaða þjónustu. Sökum þessa drógust útlán safnanna verulega saman. Árið 2019 voru útlánin 3.130.075 en 2020 voru þau einungis 2.423.285, þ.e.a.s. samdrátturinn nam 706.790 útlánum frá fyrra ári sem er tæplega 23% samdráttur í útlánnum á milli ára. Í stuttu máli sagt var algjört hrun í útlánnum í apríl en 2019 voru útlánin 247.478 á móti 19.088 útlánnum í apríl 2020, sjá mynd “Útlán eftir mánuðum 2016 – 2020”.

Í meginráttum drógust útlán hægt saman frá 2011- 2017 en 2018 varð viðsnúningur og jukust útlán á milli áranna 2017 og 2018 um 3% og aftur á milli 2018 og 2019 um 1,7%. Þegar rýnt var í tölurnar kom í ljós að útlán höfðu aukist hjá mörgum almennings- og skólabókasöfnum en dregist töluvert mikið saman hjá háskólabókasöfnunum. Myndin „*Hlutfallsleg breyting á útlánnum safnahópa 2017-2020*“ og sambærileg tafla sýnir hlutfallslega breytingu á útlánnum almenningsbókasafna, háskólabóka- og sérfræðisafna og grunnskólasafna 2017-2020. Erfitt er að túlka tölurnar þar sem árið 2020 er varla sambærilegt vegna samdráttar í útlánnum sökum Covid19 samkomutakmarkanna.


Útlán eftir safnahópum 2016 – 2020

Ár	Almenningssöfn		Háskóla- og sérfræðisöfn		Grunnskólasöfn	
	Útlán	% Hækkun/lækkun	Útlán	% Hækkun/lækkun	Útlán	% Hækkun/lækkun
2016	2.026.563		149.738		837.442	
2017	1.926.838	-4,9%	136.742	-8,7%	860.295	2,7%
2018	1.994.029	3,5%	128.075	-6,3%	897.012	4,3%
2019	2.062.654	3,4%	125.931	-1,7%	881.907	-1,7%
2020	1.599.536	-22,5%	94.493	-25,0%	694.183	-21,3%

*Athugið að í þessa töflu vantar framhaldsskólasöfn.



Mikill munur er á útlánnum eftir árstíðum en í megindráttum fylgja útlánin skólaárinu. Sjá mynd sem sýnir útlán í Gegni eftir mánuðum 2016-2020. Fækkun útlána í apríl og um haustið 2020 er vegna Covid19 samkomutakmarkanna.




Hver virkur lánþegi í Gegni fékk lánað að meðaltali 25 eintök árið 2020 sem er aðeins lægra heldur en fyrir árið 2019. Konur eru með heldur fleiri útlán en karlar. Sjá töflu

Útlán á lánþega 2019 og 2020						
	2019			2020		
Kyn	Útlán	Virkir lánþegar	Útlán á lánþega	Útlán	Virkir lánþegar	Útlán á lánþega
Karlar	969.132	39.799	24	722.267	36.405	19
Konur	1.940.604	63.470	30	1.498.744	57.609	26
Ótilgreint	218.283	2.7256	80	202.814	2.885	70
Samtals	2.909.736	103.269	28	2.423.825	96.899	25

Athugið að forsendur í þessari töflu byggjast á virkum lánþegum en það eru lánþegar sem hafa fengið lánað á árinu. Talning lánþega byggist vanalega á því hvort lánþegi sé með gilt skirteini, þ.e.a.s. að skirteini sé í gildi við árslok. Með sjálfvirkri hleðslu nemenda á öllum skólastigum í bókasafnskerfið verður hluti lánþega óvirkur því þeir hafa ekki nýtt sér þjónustu bókasafnanna þrátt fyrir að hafa þar gilt skirteini. Tilgangur þessarar töflu er að sýna raunverulegan fjölda lánþega á bak við útlánin.

Forsendur talningar á útlánum virkra lánþega eru ekki fyllilega sambærilegar talningu á heildarútlánum. Það skýrir smávægilegan mun á útlánatölum miðað við töfluna Gegnir: 2007 – 2019, fjöldi titla, eintaka og útlána.

Nokkrar útlánaskýrslur sýna útlán eftir kyni. Munur á lánum kynjanna frá bókasöfnunum er umtalsverður. Þegar horft er á heildarútlán árið 2020 fengu konur 1.498.744 eintök að láni en karlar fengu 722.267 eintök að láni, útlán þar sem kyn er ekki tilgreint voru 202.814. Lánþegar sem eru ekki með tilgreint kyn eru í flestum tilvikum bókasöfn, fyrirtæki og stofnanir. Útlán þar sem kyn er ekki tilgreint hafa aukist á milli ára, m.a. vegna breytts vinnulags við flutning eintaka á milli útibúa. Athugið að þessar tölur telja einungis lán eftir lánþegaskirteini eða heimild lánþega í ákveðnu safni en segja ekkert til um hvort karl eða kona lesi eða nýti sér á annan hátt það efni sem fengið er að láni. Myndin sýnir sláandi mun á útlánnum eftir kyni árið 2020 og ef útlánnum til ótilgreinds kyns er sleppt þá fara tvö af hverjum þremur útlánnum til kvenna.



Rafbókasafnið

Öll almenningubókasöfn í Gegni eru aðildarsöfn í Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna hf og almenningubókasafnanna, undir forystu Borgarbókasafns Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að bjóða almenningi upp á aðgang að fjölbreyttu úrvali raf- og hljóðbóka. Rafbókasafnið byggir á rafbókaveitunni OverDrive. Í Rafbókasafninu er hægt að fá lánaðar rafbækur og hljóðbækur. Þetta eru einkum skáldverk, bæði ný og gömul og fróðleikur af ýmsum toga.

Rafbókasafnið er að finna á vefslóðinni
<http://rafbokasafnid.is> eða <http://rafbokasafnið.is>.


Hér má sjá lykiltölur fyrir Rafbókasafnið við árslok 2020 og neðri myndin sýnir útlán Rafbókasafnsins eftir mánuðum 2020.

Rafbókasafnið – helstu tölur 2020

Notendur alls	5.503
Nýir notendur*	1.518
Fjöldi titla í lok mánaðar	8.259
Hljóðbækur	1.921
þ.a. íslenskar hljóðbækur	159
Rafbækur	6.338
þ.a. íslenskar rafbækur	618
Heildarfjöldi útlána	28.979
Hljóðbækur	17.276
þ.a. íslenskar hljóðbækur	1.603
Rafbækur	11.703
þ.a. íslenskar rafbækur	2.410

Útlán í Rafbókasafninu jukust um 23% í heildina en mun meiri aukning varð í útlánum á íslensku efni og munar þar mestu um útlán á íslenskum hljóðbókum sem fóru úr 146 útlánum árið 2019 upp í 1.603 útlán árið 2020, aukning upp á 998%. Þá var 74% aukning á útlánum á íslenskum rafbókum árið 2020, fór úr 1.382 útlánum árið 2019 upp í 2.410 útlán á árinu 2020.

Þessi aukning skýrist líklega að mestu af tvennu: Lesendur leituðu í Rafbókasafnið þegar bókasöfnin lokuðu vegna Covid-19, eins og sjá má á grafinu hér að neðan eru þeir mánuðir sem mest lánast út á rafbókasafninu einmitt þeir mánuðir þar sem lokanir voru sem víðtækastar á bókasöfnunum.



Hin ástæðan er sú að íslensku efni fjölgaði svolítið á árinu 2020. Í ársbyrjun voru aðeins 9 íslenskar hljóðbækur til á Rafbókasafninu en í árslok voru þær orðnar 159, það er aukning um 1.667%. Íslensku rafbókunum fjölgaði líka mikið þó aukningin hafi ekki hlaupið á þúsundum prósentna eins og hljóðbækurnar, fóru úr 168 í árs byrjun upp í 174 í árslok, aukning upp á 72%

Leitir.is

[Leitir.is](https://leitir.is) er leitargátt þar sem margskonar efni frá ólíkum kerfum er gert leitarbært. Núna samanstendur kerfið af tólf ólíkum gagnagrunnum með tæplega 3 milljónir færslna. Langstærstu grunnarnir eru bókfræðigrunnur Gegnis og Sarpur.

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda færslna eftir gagnagrunnum í leitir.is um síðustu áramót.

Leitir.is – fjöldi færslna eftir gagnagrunnum um áramót 2020- 2021*

Gagnasafn	Fjöldi færslna
ELIB	13.409
SARPUR	1.348.624
FOTOAKRANES	54.247
SKEMMAN	36.582
WEBSITES	63
AFRIKA	4.967
Gegnir - bókfræðigrunnur	1.308.988
Gegnir - námsbókasafn	5.284
TIMARIT	36.137
HIRSLAN	7.688
FOTOWARE	54.379
OPIN_VISINDI	2.182
Samtals	2.872.550

* Það gleymdist að draga út fjölda færslna í leitir.is um áramótin 2020/2021.

Birt er meðaltal frá 6. október 2020 og 13. apríl 2021.

Lokaorð

Tölulegar upplýsingar í þessari greinargerð byggja á upplýsingum úr Gegni. Árslokatölfræði 2020 fyrir einstök söfn er aðgengileg innskráðum notendum á þjónustuvef Landskerfis bókasafna, <https://landskerfi.is/tolfraedi/arslokatolfraedi>. Einnig er vert að minna á topplista útlána en þar er hægt að sjá hvaða titlar eru vinsælastir í safnahópum og á einstökum söfnum.